

Alþingi
Erindi nr. Þ 123/658
komudagur 14.12. '98

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og lagaskrifstofa

14. desember 1998

Minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
um athugasemdir viðfrumvarp til laga
um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt – 278. mál

1. Færa ákvæði um jöfnunarverðmæti í bráðabirgðarákvæði

Það er hæpið að líta á ákvæðið sem bráðabirgðaákvæði þar sem það mun gilda og hafa áhrif í mörg ár eða áratugi. Einfaldlega er um að ræða mismunandi reglur eftir því hvort hlutabréfin voru keypt fyrir eða eftir árslok 1996. Báðar reglurnar eiga heima í aðaltexta laganna.

2. Söluhagnaður af hlutabréfum í hendi rekstraraðila

Sjá breytingatillögur. Lagt er til að uppfærsla á kaupverði hlutabréfa við útreikning á söluhagnaði verði miðuð við kaupverð eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996.

3. Lágmarksbinditími bundinna reikninga

Meginregla skattalaganna er að tekjur mynda skattstofn þegar þær myndast, þ.e. færast til eignar. Frávik frá þeirri reglu eiga að vera eins lítil og hægt er og byggjast á sérstökum rökum. Meðferð kúlubréfa er slíkt frávik. Með breytingunni er verið að gera frávik fyrir bundna reikninga til samræmis. Fátítt er að kúlubréf séu til skemmri tíma en 5 ára. Þannig er engin ástæða til að fara með bundna reikninga niður fyrir 3 ár en það kynni að skapa erfið fordæmi.

4. 5. gr. Eignarhaldsákvæði og endurkaupaskylda

Sjá breytingartillögur. Lagt er til að upp verði tekið ákvæði hliðstætt því sem nú er í lögnum þess efnis að ef seld eru bréf sem afsláttur hefur verið veittur vegna verði að kaupa önnur á sama ári og ekki síðar en 30 dögum eftir að sala fer fram.

5. 6. gr. Samsköttun

Sjá breytingartillögur. Viðmiðun við lok reikningsárs á undan sameiningu er ekki ráðleg. Myndi m.a. opna fyrir millifærslu á tapi sem verður til fyrir samsköttunartímabil. Lagt er til að lágmarkstími í samsköttun verði fimm ár og að hana megi hefja að nýju fimm árum eftir að henni var hætt.

6. Skipting félaga

Sjá breytingartillögur. Ný gr. Lagt er til að skipting með yfirfærslu skattalegra réttinda verði heimil þó svo að hið fyrra félag haldi áfram með sama nafni.

7. Tímamörk samruna

Sjá breytingartillögur. Ný gr. Heimilað verði að miða uppgjör við þann tíma þegar skiptin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.

8. 7. gr. Útborgun við félagsslit

Sjá breytingartillögur. Lagt er til að fellt verði brott úr frumvarpinu það ákvæði að við vegna slita á félagi verði úthlutun umfram 3 m.kr. skattlagðar í fullu skatthlutfalli.

9. Jöfnunarverðmæti hlutabréfa

Tillaga skattanefndar FLE felur í sér að miða heimild til útgáfu skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa við innbargað hlutafé í stað nafnverðs. Um er að ræða grundvallarbreytingu, sem kollvarpar þeirri framkvæmd sem verið hefur hingað til. Embætti ríkisskattstjóra hefur gefið út hundruð álita um heimildir félaga til að gefa út skattfrjáls jöfnunarhlutabréf og hafa þau verið notuð. Breyting eins og lagt er til myndi leiða til óviðunandi misræmis. Eftir afnám skattalegra takmarkana á útgáfu hlutabréfa hefur jöfnunarverðmætið eingöngu áhrif á útreikning söluhagnaðar og myndi tillagan hafa það í för með sér að söluhagnaður, sem er og sem á að vera skattskyldur yrði skattfrjáls. Fjármálaráðuneytið hefur áður kannað þessar tillögur gaungæfilega og hafnað þeim. Sjá meðf. afrit af bréfi til FLE.

Tekju- og lagaskrifstofa

**Tillögur til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
um breytingar á
frumvarpi til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt – 278. mál**

1. Við 2. mgr. b-liðar 3. gr. frumvarpsins bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli sbr. 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
2. Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 5. gr. frumvarpsins:
 - a. Á eftir orðunum “á sama ári” í 4. málslíð 4. mgr. b-lið 5. gr. komi: og eigi síðar en 30 dögum eftir sölu
 - b. Í stað “136/1996” í 4. mgr. b-liðar kemur: 137/1997.
 - c. Við 8. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þetta á þó ekki við vegna aukningar á fjárfestingu í atvinnurekstri sem heimilt var að flytja á milli ára á árunum 1996 og fyrr sbr. 5. mgr 3. gr. laga nr. 137/1996.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. frumvarpsins:
 - a. Í stað orðsins “eitt” í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins kemur: tvö
 - b. 4. máls. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins orðast svo: Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið.
4. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 6. gr. svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. A laganna:

 - a. Orðin “og því slitið “ í 1. másl. falla brott.
 - b. 2. másl. orðast svo: Eignarhlutir hlutahafa í félögunum skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem skipt er.
 - c. Á eftir 2. másl. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Ákvæði þessarar málsgreinar eiga einnig við þegar hlutafélagi er skipt þannig að fleiri en eitt hlutafélag taki við hluta eigna og skulda í upprunalegu félagi.
 - d. Í stað lokamálsliðar kemur ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi: Við skiptingu skv. 1. mgr. skiptast skattalegar skyldur og réttindi milli félaganna í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádrögnum skuldum sem flytjast til þeirra.
5. Við frumvarpið bætist ný grein sem verður 7. gr. og orðast svo:

Við 57. gr. A bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Við skiptingu eða sameiningu félaga er heimilt að miða uppgjör rekstrar og framtalsskil, sbr. 91. gr. félaga þeirra er skiptingin eða slitin varða við það tímamark sem skiptingin eða slitin eiga sér stað samkvæmt samþykktum félaganna.
6. d-liður 7. gr. frumvarpsins fellur brott.

Ath. lagfæra stafliði. Á að vera a og b-liður í stað c og d.